



Reykjavík, 16. maí 2024

## Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

### Frá Sögufélagi - Umsögn um þingsályktunartillögu um bókmenntastefnu 2024-2030

Sögufélag fagnar mjög gerð bókmenntastefnunnar sem hér liggur fyrir og telur að hún sé afar mikilvægt skref til að byggja upp starfsumhverfi útgáfustarfs á íslenskri tungu. Aðgerðaráætlunin leggur til margar góðar og færar leiðir til að efla útgáfu og miðlun efnis á íslensku.

Sögufélag hefur frá árinu 1902 lagt mikilvægan skerf af mörkum til að gefa út heimildir til sögu þjóðarinnar, söguleg verk fyrir almenning og fræðimenn auk þess að gefa út tímarit, fyrst frá 1918-1953 með tímaritinu *Blöndu* og síðan frá 1949 með tímaritinu *Sögu. Saga* er eitt fremsta tímaritið sem gefið er út um íslenska sögu og sagnfræði, tekur á öllum sviðum sagnfræðinnar og er vettvangur rökræðna um söguleg efni. Það fagnar 75 ára afmæli á þessu ári. Mikilvægar heimildir fyrir réttarsögu Íslands hafa m.a. verið gefnar út, Alþingisbækur, Landsyfirréttardómar, Yfirréttardómar auk sýslulýsinga og þýddra markverðra ferðarita fyrri alda. Fjöldi frumsaminnna fræðirita hefur einkennt útgáfuna síðustu ár sem margar hverjar hafa hlotið margvíslegar viðurkenningar. Markmið félagsins hefur frá upphafi vega verið að sinna vandaðri og faglegru útgáfustarfsemi og vonast það til að geta sinnt því starfi áfram.

Starfsemi Sögufélags styður við öll þrjú meginmarkmið bókmenntastefnunnar. Það stuðlar að sköpun á íslensku, útgáfu á íslensku og aðgengi að fjölbreyttu sögulegu efni á íslensku. Útgáfuverk félagsins eru annars vegar frumsamið efni, ýmist á bókarformi eða sem greinar í tímaritum, og hins vegar heimildaútfúr sem stuðla að frekari rannsóknum og að gera efni aðgengilegt til notkunar sem annars væri erfitt að nýta til rannsókna.

Sögufélag hefur alla tíð haft að leiðarljósi að almenningur geti notið sögulegs efnis, bæði ungir og aldnir. Með nýjum áformum um útgáfu smáríta um Íslandssögu er jafnframt höfðað til ungs fólks og vonir standa til að efnið nýtist námsmönnum. Prentmiðillinn hefur verið kjarni útgáfunnar í yfir 120 ár. En á síðustu árum hefur verið unnið að því að gera efni aðgengilegt með nýrri vefsíðu, með útgáfu hlaðvarps og nokkur skref hafa verið stigin í tengslum við hljóðbókaútgáfu. Frekari áform eru einnig á því sviði á þessu ári. Markmið stjórnar félagsins er að félagið taki virkan þátt í nýsköpun í miðlun sögulegs efnis á fjölbreyttu formi.

Margir þættir í aðgerðaráætluninni sem kynnt er í þingsályktunartillögunni munu skipta sköpum fyrir menningarstarf á við það sem Sögufélag stendur fyrir og hefur gert í yfir 120 ár. Sérstaklega vill félagið nefna eftirtalið varðandi einstaka liði í aðgerðaráætluninni:

#### 2. Endurskoðun regluverks

Ekki er hægt að leggja nóg samlega áherslu á mikilvægi þeirra tveggja laga sem hér eru nefnd, Lög um bókmenntir nr. 91/2007 og Lög um stuðning við útgáfu bóka á íslensku 130/2018 fyrir útgáfu fræðilegs efnis. Tilvist þeirra styrkja sem Miðstöð íslenskra bókmennta veitir og möguleikinn á



endursgreiðslum skiptir sköpum fyrir flest öll fræðirit. Þrátt fyrir styrkina rær útgáfa fræðibóka lífróður fyrir tilvist sinni þessi misserin, enda frumsamin fræðirit oftast dýr í framleiðslu, með ritrýni og ritstjórnarvinnu og oft flóknu útgáfuferli. Við endurskoðun þessara laga væri æskilegt ef tekið væri aukið tillit til þess verklags sem útgáfa frumsaminnna fræðirita felur í sér. Útgáfa vandaðra frumsamdra rita er kostnaðarsöm og eftir heimsfaraldur hefur dregið verulega úr sölu fræðirita og rita almenns eðlis og þau hafa því miður ekki náð sér á strik aftur. Söluölur eru í engu samræmi við gæði bókanna né menningarlegt mikilvægi þeirra. Fræðiritaútgáfa stendur því á ákveðnum krossgötum um þessar mundir og mikilvægt að málefni hennar séu skoðuð sérstaklega.

### *3. Bætt tölfræði um bókaútgáfu á Íslandi*

Afar gagnlegt væri að fá bætt tölfræði um lestur og útgáfu. Almennar upplýsingar hafa sýnt að lestur, eða a.m.k. hlustun, hafi aukist á síðustu árum. Þess sér ekki stað í fræðibókaútgáfu, ekki einu sinni varðandi bækur sem hafa fengið mjög góðar viðtökur, viðurkenningar og verðlaun. Mjög gagnlegt væri fyrir þá aðila sem sinna fræðibókaútgáfu sérstaklega að fá nánari upplýsingar um markaðinn og þær lestrarvenjur sem nú ríkjá til að geta brugðist við með góðum hætti.

### *6. Efling Miðstöðvar íslenskra bókmennta*

Mjög brýnt er að efla Miðstöð íslenskra bókmennta. Með því skapast meiri grundvöllur fyrir bæði aukna styrki til útgáfustarfs og uppbyggingar innviða á sviði útgáfu.

### *12. Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna.*

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna skiptir afar miklu máli fyrir þau sem eru að vinna frumsamin fræðirit til útgáfu. Styrking þessa sjóðs verður allri útgáfu slíka rita til framdráttar. Sögufélag tekur heilshugar undir að starfsumhverfi fræðiritahöfunda verði styrkt og bendir á mikilvægi þess fyrir framtíð bókaútgáfunnar. Það er ekki óalgengt að fræðiritahöfundar fái lítið sem ekkert fyrir sína vinnu við ritun bóka sem forlög eða óhagnaðardrífín útgáfufélög taka til útgáfu og þurfa jafnvel að greiða töluverðar upphæðir með bókum sínum til þess að af útgáfu geti orðið.

### *13. Stuðningur við óhagnaðardrífana útgáfustarfsemi.*

Sögufélag er útgáfufélag sem hefur gefið út rit í yfir 120 ár á grundvelli óhagnaðardrífinnar starfsemi. Félagið hefur fengið skráningu á almannaheillaskrá Skattsins á þeim grunni. Fjöldi sjálfbodaliða vinnur launalaust að því að tryggja útgáfum félagsins framgang, með stjórnarsetu, vinnuframlagi að ákveðnum þáttum bókaútgáfunnar og mörgu fleiru. Til að þessi starfsemi geti gengið þarf jafnframt launaða starfsemi og verktaka. Sögufélag hefur einn starfsmann og nægir það engan veginn til langframa. Nauðsynlegt er að styrkja innviði félagsins til að það geti sinnt menningarhlutverki sínu áfram og eflt það. Í núverandi rekstrarumhverfi þar sem kostnaðar við bækur hefur hækkað og sala hefur minnkað eiga félög eins og Sögufélag og Hið íslenska bókmenntafélag afar erfitt uppdráttar og hafa þegar minnkað árlega útgáfu sína töluvert. Framlag þessara félaga, sem og Hins íslenska Fornritafélags, hefur verið afar mikilsvert frá stofnun þeirra, en þau rekja öll sögu sína langt aftur í tímann og eru með elstu félögum sem starfandi eru í landinu. Þau eiga enn mjög mikið erindi við samtímann. Meirihluti grundvallarrita á sviði sögu og bókmennta Íslands, jafnt heimilðaútgáfur sem frumsamin rit, hefur verið gefinn út af þessum félögum, oft við afar krefjandi aðstæður. Félögin gefa löngum út rit sem aðrar útgáfur á markaði treysta sér ekki til að gefa út. Þetta er mikilvæg menningarstarfsemi og væri óskandi að tækist að styðja frekar við starfsemi og útgáfu þessara félaga til að tryggja áframhaldandi nýsköpun og útgáfu á menningarsögulega mikilvægu efni til framtíðar.



### 17. Nýsköpun í útgáfustarfsemi

Til að snúa vörn í sókn fyrir bókaútgáfu og miðlun frumsamins fræðilegs efnis í samtímanum er nýsköpun nauðsynleg. Möguleikar eru óþrjótandi í að tengja nýungar í miðlun við fræðilegt útgáfuefni, og ná með því að miðla efni til fleiri hópa en þeirra sem venjulega eru helsti markhópur fræðilegs og sögulegs efnis.

### Að lokum

Að lokum vill Sögufélag nefna nokkur atriði sem eru mikilvæg fyrir framtíð óhagnaðardriffinna útgáfu frumsaminnna fræðiritra og sögulegs efnis, sem vikið er að í 13. lið aðgerðaráætlunarinnar. Jafnframt er tekið undir umsögn Ármanns Jakobssonar forseta Hins íslenska bókmenntafélags um þetta efni.

- Fjárhagslegur stuðningur er nauðsynlegur við óhagnaðardrífna útgáfustarfsemi. Með styrkari innviðum er hægt að leggja betri grunn að útgáfum fram í tímann. Gríðarlega mikilvægt til að tryggja samfellu í rekstri útgáfufélaga eins og Sögufélags, Hins íslenska bókmenntafélags og Hins íslenska fornritafélags, en frumsamin fræðirit og heimildaútgáfur eru oftast en ekki mörg ár í vinnslu og ekki tjaldað til einnar nætur.
- Fræðibókaútgáfa stendur höllum fæti gagnvart streymisveitum og þarf að huga vel að því hvernig starfsumhverfið er til að tryggja betur hagsmuni þeirra sem skrifa og gefa út fræðirit með ærinni fyrirhöfn.
- Frumsamið efni á íslensku er mikilvægt til að umræða um fræðileg málefni sé áfram aðgengileg bæði almenningi og fræðimönnum.
- Smæð íslenska bókamarkaðarins og íslensks fræðaumhverfis getur verið fjötur um fót í útgáfustarfsemi, því sjaldan næst að selja bækur í nægilegu upplagi til að bækurnar borgi sig eingöngu á rekstrarlegum grunni og geti skilað afrakstri til útgáfu næstu bókar. Útgefendur fræðiritra hafa orðið áþreifanlega varir við þetta, sérstaklega eftir 2020. Breytingar hafa orðið á bókamarkaðnum og sala minnkað.
- Á hinn bóginn hefur smæð íslenska bókamarkaðarins einnig stuðlað að því að það er aldalöng hefð fyrir því að fræðimenn á sviði sögu og bókmennta hafa hagað sínum skrifum þannig að verk þeirra eru læsileg og aðgengileg almenningi jafnframt því að þau standast allar fræðilegar kröfur og eru framlag til fræðilegrar umræðu. Þar með styrkir þetta útgáfustarf við almenna menningarstarfsemi. Þetta er afar mikilvægur þáttur sem félög eins og Sögufélag, Hið íslenska bókmenntafélag og Hið íslenska fornritafélag hafa, hvert á sínu sviði, lagt mikla áherslu á að sinna. Þetta styrkir íslenskuna og notkun hennar í íslensku fræðaumhverfi.

Fyrir hönd Sögufélags,

Hrefna Róbertsdóttir, forseti